

ADALSKIPULAG SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS 2017-2029

Skipulagslýsing vegna breytingar

Stóra-Laxá veiðihús í landi Laxárdals

01.06.2022



UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

2272-026-08-ASK-V01

HÖFUNDUR

Brynja Rán Egilsdóttir

RÝNT

Ásgeir Jónsson / Sólveig Olga Sigurðardóttir

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	6
1.1	Skipulagslýsing	6
1.2	Markmið	6
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	7
2.1	Skipulagssvæðið	7
2.2	Tengsl við aðrar áætlanir	8
2.2.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	8
2.2.2	Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029	8
2.3	Minjar	9
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	9
4	UMHVERFISÁHRIF	10
5	KYNNING OG SAMRÁÐ	10

1 INNGANGUR

Hér á eftir fer skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029.

Fyrirhugað breyting á aðalskipulagi felur í sér breytingu á afþreyingar- og ferðamannasvæðinu Stóra-Laxá, veiðihús (AF2) í landi Laxárdals. Með breytingunni verður AF2 tvískipt svæði þar sem gert er ráð fyrir nýju veiðihúsi að Bæjarási (L233313). Breyting verður gerð á greinargerð aðalskipulags og skipulagsuppdrætti.

Á gildandi aðalskipulagsuppdrætti er afþreyingar- og ferðamannasvæðunum AF2 og AF4 víxlað en það hefur verið leiðrétt með minniháttar aðalskipulagsbreytingu dags. 31.05.2022.

1.1 Skipulagslýsing

Gerð skipulagslýsingar er ætlað að tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila að skipulagsferlinu á fyrstu stigum þess, auka gagnsæi, tryggja betri upplýsingaflæði, skila betri og markvissari skipulagsvinnu og gefa sveitarstjórn og öðrum sem koma að ferlinu betri yfirsýn allt frá fyrstu skrefum.

Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal sveitarstjórn taka saman lýsingu fyrir skipulagsverkefnið. Í lýsingu skal koma fram hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um forsendur, fyrirbyggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli svo sem kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum. Samkvæmt 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga skal sveitarstjórn einnig taka saman lýsingu við deiliskipulagsgerð þar sem gerð er grein fyrir áherslum sveitarstjórnar við deiliskipulagsgerðina, forsendum og fyrirbyggjandi stefnu. Leita skal umsagnar um lýsingu hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna hana fyrir almenningi.

Með skipulagslýsingu þessari er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir sem snúa að málefnum aðalskipulagsbreytingarinnar.

1.2 Markmið

Markmið með aðalskipulagsbreytingunni er að bæta aðstöðu fyrir veiðimenn við Stóru-Laxá samhliða því að bæta þjónustu við ferðamenn í sveitarfélaginu.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

2.1 Skipulagssvæðið

Úr jörðinni Laxárdalur hefur verið skipt út lóð; Bæjarás veiðihús (L233313). Meðfram Laxárdalsjörðinni rennur Stóra-Laxá sem fellur úr Grænavatni og aðskilur Hrunamannahrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Áin er þekkt fyrir laxveiðar og meðfram henni eru staðsett veiðihús sem rekin eru af Veiðifélagi Árnesinga. Sunnan við Bæjarás er Laxárdalur 2 veiðihús (L166573) sem skilgreint er sem afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF2).

Aðkoma að svæðinu er norðan frá Gnúpverjavegi (nr. 325) um Mástunguveg (nr. 329).



Mynd 1. Staðsetning afþreyingar- og ferðamannasvæðisins er innan rauðu hringanna (map.is)

Vistgerðir á svæðinu eru að mestu leyti Hraungamburvist (L5.3) en einnig er þar að finna Lyngmóavist á hálandi (L10.7) og língresis- og vingulsvist (L10.7) sem eru með hátt verndargildi og á lista Bernarsamningsins. Hafa ber í huga nákvæmni korts Náttúrufræðistofnunar sem miðast við 1: 25.000. Skv. kortlagningu Náttúrufræðistofnunar er svæðið innan mikilvægs fuglasvæðis líkt og allt Suðurlandsundirlendið.

Gæta skal sérstaklega að nálægð við vatnsverndarsvæði (VB21) sem staðsett er skammt frá skipulagssvæðinu. Vanda skal sérstaklega til gerðar og frágangs hreinsivirkis.

2.2 Tengsl við aðrar áætlanir

2.2.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga nr. 123/2010. Samkvæmt 4. mgr. 10. gr. sömu laga skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.

Í gildandi landsskipulagsstefnu koma fram eftirfarandi markmið um skipulag í dreifbýli:

Kafli 2.1.1 Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru.

Kafli 2.2.1 Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðháttum. Um leið verði gætt að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar á skipulagsákvörðunum.

Kafli 2.3 Skipulag landnotkunar stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfið.

Kafli 2.4 Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu.


Aðalskipulagsbreytingin mun vera í samræmi við Landsskipulagsstefnu þar sem ekki er verið að ganga á landbúnaðarland í flokki I eða II. Verið er að stuðla að hagkvæmri nýtingu lands í góðum tengslum við núverandi veitur og vegi svo hægt verði að styrkja ferðaþjónustu í sveitarfélaginu.

2.2.2 Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029

Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps var staðfest í vormánuðum 2020. Markmið sveitarfélagsins er að styrkja ferðaþjónustu með þeim hætti að hugað sé sérstaklega að náttúru- og minjavernd, sjálfbærni staða, þjónustu við ferðamenn og að mannvirki falli sem best að landinu og að viðhaldi þeirra sé sinnt eftir þörfum og svigrúm til að viðhalda núverandi mannvirkjum eða reisa ný á skilgreindum afþreyingar- og ferðamannasvæðum.

Í gildandi skipulagi er svæðið AF2 skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði (AF2) með veiðihúsi fyrir um 10 manns, gert er ráð fyrir viðhaldi mannvirkja. Stærð svæðis er um 1 ha. Bæjarás er á skilgreindu landbúnaðarlandi. Með breyttu skipulagi verður AF2 svæðið tvískipt, á núverandi svæði verður veiðihúsi viðhaldið en á nýju svæði verður byggt nýtt hús og gistirými aukið.

Aðalskipulagsbreyting mun vera í samræmi við markmið sveitarfélagsins sem sett eru fram í aðalskipulagi.



Mynd 2. Skjáskot úr Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029. Svæðið er innan rauða hringsins.

2.3 Minjar

Samkvæmt aðalskráningu fornleifa eru engar fornleifar innan skipulagssvæðisins. Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, skal þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Breyting verður gerð á bæði uppdrætti og í greinargerð gildandi aðalskipulags.

Með breytingunni verða tvær lóðir skilgreindar sem afþreyingar- og ferðamannasvæði, AF2. Heimilt verður að viðhalda eldri mannvirkjum og byggja nýtt veiðihús, allt að 400 m² að stærð, á einni hæð. Gistirúmum mun fjölga og verða allt að 60 eftir breytingu á AF2.

Samhliða breytingu á aðalskipulagi verður unnið að gerð deiliskipulags fyrir svæðið.

4 UMHVERFISÁHRIF

Aðalskipulagsbreytingin fellur ekki undir lög um umhverfismat áætlana nr. 111/2021, þar sem ekki er mörkuð stefna er varðar leyfisveitingar til framkvæmda.

Gerð verður grein á áhrifum á umhverfið í samræmi við skipulagslög.

5 KYNNING OG SAMRÁÐ

Með kynningu skipulagslýsingar þessarar er umsagnaraðilum, hagsmunaaðilum og almenningi gefinn kostur á að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagni gætu komið. Jafnframt er óskað samráðs við Skipulagsstofnun um umfang og áherslur við mat á umhverfisáhrifum.

Skipulags- og matslýsing verður kynnt með auglýsingu í blöðum/dreifiritum og á vefsíðu Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita Árnessýslu <http://www.utu.is> og á heimasíðu sveitarfélagsins <http://www.skeidgnup.is>. Einnig verður skipulagslýsing aðgengileg á skrifstofu skipulagsfulltrúa Dalbraut 12, Laugarvatni.

Ábendingar skulu vera skriflegar og berast skrifstofu sveitarfélagsins eða á skrifstofu skipulagsfulltrúa, fyrir auglýstan tímafrest. Samhliða verður leitað verður eftir umsögnum frá helstu umsagnaraðilum s.s. Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

Aðalskipulagsbreytingin verður unnin og kynnt skv. 30-32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Á vinnslutíma mun aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið verða kynnt bæði íbúum/almenningi og hagsmunaaðilum.

